

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2013

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á [594. fundi](#) sínum að álagning fasteignagjalda 2013 verði sem hér segir:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,265%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,140%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,340%	af fasteignamati lóðar
Sorphirðugjald	kr. 22.500	pr. íbúð

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,140%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,650%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,100%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,140%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vefsíðunni www.mos.is

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á www.island.is og íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Gjalddagar fasteignagjalda skiptast á níu gjalddaga frá 15. janúar til 15. september. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 30.000 er gjalddagi þeirra 15. janúar.

Greiðslu má inna af hendi með greiðsluseðlum, í heimabanka og í bönkum. Jafnframt er hægt að greiða fasteignagjöldin með beingreiðslum eða boðgreiðslum. Nánari upplýsingar um greiðslumöguleika fást í Þjónustuveri Mosfellsbæjar. Greiðsluseðlar eru almennt ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega á íbúagátt ibuagatt.mosfellsbaer.is eða í Þjónustuveri.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi

Lækkunin er reiknuð sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra og stuðst við síðasta skattframtal. Afslátturinn er færður til lækkunar á fasteignagjöldum á álagningarseðli. Nánari reglur má finna á vef Mosfellsbæjar www.mos.is.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga 2011:

2013 Afsláttur	Tekjur einstaklinga	
	Frá	Til
100%	0	2.471.999
80%	2.472.000	2.719.999
60%	2.720.000	2.964.999
40%	2.965.000	3.200.999
20%	3.201.000	3.425.999

Tekjur hjóna 2011:

2013 Afsláttur	Tekjur hjóna	
	Frá	Til
100%	0	3.460.999
80%	3.461.000	3.807.999
60%	3.808.000	4.149.999
40%	4.150.000	4.481.999
20%	4.482.000	4.795.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is